

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og  
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar  
vegna háskólamenntaðra félagsmanna  
sem starfa við Landspítala  
gera með sér svofellt**

**S A M K O M U L A G**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila**

**1. grein**

Aðilar eru sammála um að háskólamenntaðir starfsmenn innan Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sem starfa við Landspítala verði aðilar að kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem síðast var breytt með samkomulagi aðila dags. 25. maí 2008 að öðru leyti en í samkomulagi þessu greinir.

**2. grein**

**10 kafli um endurmenntun hljóðar svo:**

**10.1 Endurmenntun, framhaldsnám**

10.1.1 Starfsmaður viðheldur menntun sinni og starfsreynslu með þátttöku á ráðstefnum, endurmenntunarnámskeiðum og/eða viðurkenndu framhaldsnámi.

10.1.2 Starfsmaður sem stundar sérnám eða sækir framhalds- og/eða endurmenntunarnámskeið, með samþykki stofnunar, eða í samræmi við endurmenntunar-/starfsþróunaráætlun viðkomandi stofnunar, heldur launum skv. gr. 1.1.1 og fær greiddan ferða- og dvalarkostnað skv. 5. kafla. Lengd leyfis samkvæmt þessu er allt að 2 vikur á hverju ári. Heimilt er að veita skemmri eða lengri námsleyfi á skemmra eða lengra árabili.

**10.2 Launalaust leyfi**

10.2.1 Starfsmaður skal eiga rétt á launalausum leyfi ef honum býðst tækifæri og/eða styrkur til að vinna að tilteknu verkefni, m.a. tengdu starfi hans. Slíkt leyfi skal tekið í samráði við yfirmann stofnunar.

**10.3 Starfsmenntunarsjóður**

10.3.1 Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í Starfsmenntunarsjóð St.Rv. Gjald þetta skal nema 0,22% af heildarlaunum félagsmanna.

**10.4 Vísindasjóður**

10.4.1 Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í vísindasjóð sem nemur 1,5% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna.

### 3. grein

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun.

Reykjavík, 2. júlí 2008

F.h. samninganefndar ríkisins  
með fyrirvara um samþykki  
fjármálaráðherra

*Ásta Lára Leósdóttir (sign.)*  
*Oddur Gunnarsson (sign.)*

F.h. Starfsmannafélags  
Reykjavíkurborgar með fyrirvara  
um samþykki félagsmanna.

*Garðar Hilmarsson (sign.)*  
*Gunnar Rúnar Matthíasson (sign.)*  
*Ólöf R. Ámundadóttir (sign.)*

**Fylgiskjal**  
**með samkomulagi**  
**Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar**  
**og**  
**fjármálaráðherra**  
**dags. 2. júlí 2008**

Aðferðafræðin við að færa félagsmenn yfir í nýja launatöflu skal vera með eftirfarandi hætti:

Núgildandi launatafla skal hækkuð um kr. 20.300. Síðan er hverjum og einum félagsmanni fundinn staður í nýju launatöflunni sem er sama eða næsta launatala fyrir ofan hina umsömdu lágmarkshækkun. Tryggt skal að félagsmenn sem þannig eru færðir yfir í nýja launatöflu, eingöngu samkvæmt launatölu, nái hinni umsömdu launahækkun samkvæmt kjarasamningi.

Hafi ekki verið um annað samið gilda röðunarákvæði núgildandi stofnanasamnings.

Aðlögun breyttrar röðunar skal útfærð við næstu reglulegu endurskoðun stofnanasamnings.